

Nd.

288. Frumvarp til laga

[159. mál]

um ráðstafanir vegna ákvörðunar Seðlabanka Íslands um breytingu á gengi íslenskrar krónu.

(Lagt fyrir Alþingi á 96. löggjafarþingi, 1974—75.)

1. gr.

Hafi innflytjandi vöru afhent skjöl til tollmeðferðar fyrir 12. febrúar 1975, sem eru að öllu leyti fullnægjandi til þess að hægt sé að tollafgreiða vöruna þegar í stað, sbr. 15., 16., 18. og 19. gr. tollskrárlaga nr. 6/1974, þá skal miða gjöld af henni við það gengi, sem í gildi var, er bankar lokuðu hinn 11. febrúar 1975, en þó því aðeins, að tollafgreiðslu sé lokið fyrir 1. mars 1975.

Tollafgreiða skal vöru, sem afhent hefur verið innflytjanda með leyfi toll-yfirvalda gegn tryggingu fyrir greiðslu aðflutningsgjalda, sbr. m. a. 21. gr. tollskrárlaga, á grundvelli gamla gengisins, enda eigi fullnaðartollafgreiðsla sér stað fyrir lok apríl 1975.

2. gr.

Þá er skilað er til banka gjaldeyri fyrir útfluttar sjávarafurðir skal hann greiddur útfluttjanda á því kaupgengi, sem í gildi er, þegar skjölin eru afgreidd í banka við gjaldeyrisskil að frádregnum gengismun, sem hér segir:

- a) Fyrir afurðir framleiddar fyrir 1. september 1974 skal frádráttur nema 34%.
- b) Fyrir afurðir framleiddar á tímabilinu 1. september 1974 til 15. febrúar 1975 skal frádráttur nema 20%. Undanþegnar eru þó afurðir þorskveiða, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975.

Ríkisstjórnin kveður nánar á um, til hvaða afurða þetta ákvæði skuli taka og eru ákvarðanir hennar þar að lútandi fullnaðarúrskurðir.

Gengismunur, sem myndast skv. ákvæðum 1. málsgr., skal færður á sérstakan reikning á nafni ríkissjóðs í Seðlabankanum. Fé, sem á reikninginn kemur, skal ráðstafað með sérstökum lögum í þágu sjávarútvegsins og sjóða hans, sbr. þó ákvæði 2. gr. laga nr. 78 frá 30. ágúst 1974 og ákvæði 3. málsgr.

Áður en umræddu fé er ráðstafað skal greiða af því hækkunir á flutningskostnaði og öðrum sambærilegum kostnaði við útflutning vegna þeirra afurða, sem framleiddar hafa verið fyrir 15. febrúar 1975 en fluttar út eftir gengisbreytinguna.

3. gr.

Sjávarútvegsráðuneytinu er heimilt að ákveða hækkun á magngjaldi af útfluttum sjávarafurðum, sem ákveðið var með 5. gr. laga nr. 106 31. desember 1974, í samræmi við gengisbreytinguna og gildir frá og með 12. febrúar 1975 fyrir þær afurðir, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975.

4. gr.

Á gengisbreytingarreikning við Seðlabankann, sem stofnaður var skv. 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, skal færa þann gengismun, er verður vegna gengisbreytingarinnar hjá einstökum bönkum á grundvelli gengismunar milli gamla gengisins og þess gengis, er skráð verður, er bankar opna á ný eftir gengisbreytinguna. Við útreikning á þessum gengismun skal taka tillit til allra eigna og skulda viðkomandi banka í erlendum gjaldeyri, þá er hið nýja gengi tekur gildi. Færslur þær, sem af þessum ástæðum þurfa að eiga sér stað milli Seðlabankans og bankanna, skulu jafnast með verðbrefakaupum eða öðrum eignatilfærslum, eftir því sem nánar verður um samið milli þessara aðila. Innstæður og skuldir í krónum á nafni erlendra aðila, sem gengistryggðar eru með sérstökum samningi, þar með taldir skuldareikningar ríkissjóðs gagnvart alþjóðastofnunum, teljast erlendum gjald-

eyrir í þessu sambandi, og sama gildir um gulleign Seðlabankans, sérstök dráttar-réttindi og mótvirði þeirra.

Nú hefur bankaábyrgð til handa erlendum aðila verið greidd erlendis, en ekki greidd í íslenskum banka fyrr en eftir að hið nýja gengi tekur gildi og skal hún þá gerð upp á hinu nýja gengi. Ákvæði þetta gildir ekki um gjaldfallnar greiðslu-frestsábyrgðir, þegar skjöl hafa verið afhent innflytjanda fyrir gengisbreytinguna. Gengismunur, er til verður vegna ákvæðis þessarar málsgreinar, skal færður á gengisbreytingarreikning, sbr. 1. málsg.

5. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að setja með reglugerð eða á annan hátt nánari fyrir-mæli um framkvæmd laga þessara.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Hinn 12. febrúar 1975 ákvað Seðlabankinn, að höfðu samráði við ríkisstjórnina 20% lækkun á markaðsgengi krónunnar gagnvart Bandaríkjadollar.

Gengisbreyting þessi er liður í margbættum efnahagsaðgerðum, sem ríkis-stjórnin mun beita sér fyrir í því skyni að mæta þeim miklu breytingum til hins verra, sem orðið hafa í ytri skilyrðum þjóðarbúskaparins síðustu mánuði einkum vegna ört versnandi viðskiptakjara og tregari sölu á íslenskum útflutningsafurðum. Vegna gengisbreytingarinnar er nauðsynlegt að setja í lög ákvæði svipuð þeim, sem áður hefur verið gert í sambandi við gengisbreytingar svo sem um tollmeðferð á innflutningi, meðferð gengismunar hjá einstökum bönkum og loks ráðstöfun á gengismun, sem fram kemur vegna birgða útflutningsafurða sjávarútvegsins.

Um 1. gr.

Í greininni eru settir frestir, svo sem venja hefur verið við fyrri gengisbreytingar. Að öðru leyti gilda almenn ákvæði tollskrárlaga um tollmeðferð skjala, eftir að hið nýja gengi tekur gildi.

Um 2. gr.

Samkvæmt þessari grein er gert ráð fyrir að taka gengismun af útfluttum sjávarafurðum og leggja í sérstakan sjóð. Eins og oft áður er afkoma hinna ýmsu greina sjávarútvegsins nokkuð misjöfn og getur það verið breytilegt, svo sem reynslan hefur sýnt. Er því ekki óeðlilegt að nota þann gengismun, sem verður við skil gjaldeyris fyrir afurðir, sem framleiddar hafa verið fyrir gengisbreytinguna en ekki greiddar fyrr en eftir hana, í þágu hinna ýmsu greina sjávarútvegsins og sjóða hans til þess á þann hátt að jafna að nokkru mismunandi afkomu. Er gert ráð fyrir sérstöku frv. síðar, þar sem kveðið yrði á um ráðstöfun gengismunar. Við ákvörðun þess gengismunar, sem ákveðið er að greiða skuli er miðað við þá breytingu á gengi íslenskrar krónu, sem ákveðin var 12. febrúar 1975. Hafa verður þó í huga, að enn hafa ekki verið fluttar út allar birgðir sjávarafurða, sem til voru 1. september 1974, er gengislækkun var framkvæmd, en í 2. gr. laga nr. 78 1974 er ákvæði um gengismun af þeim birgðum og ráðstöfun á honum. Það ákvæði heldur gildi sínu þar til allar birgðir hafa verið fluttar út og gjaldeyris-skil gerð. Greiðsluhlutfall af útflutningsverðmæti þessara birgða, samkvæmt a. lið þessarar gr. verður því 34% og skiptist þannig að 20% koma af gengislækkuninni nú en 14% greiðast af birgðum fyrir 1. september 1974. Þeim viðbótarhluta verður ráðstafað með sérstökum lögum ásamt þeim gengismun, 20%, sem kemur af afurðum, sem framleiddar eru eftir 1. september 1974 en ekki greiddar fyrr en eftir 13.

febrúar 1975, svo sem segir í b. lið þessarar greinar. Undanþegnar eru þó þær afurðir þorskveiða, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975, þar sem gengisbreytingin og þær ráðstafanir, sem henni fylgja miðast í rauninni við að tryggja grundvöll framleiðslunnar frá upphafi framleiðslutímabilsins, og það fiskverð, sem ákveðið verður fyrir þessar greinar, gildir frá 1. janúar 1975 og byggist á hinu nýja gengi. Því er út frá því gengið, að þessar afurðir verði greiddar með nýja genginu.

Gert er ráð fyrir því, að ríkisstjórnin geti ákveðið til hvaða afurða ákvæðið um gengismun skuli taka. Er þá sérstaklega haft í huga að undanþiggja vissar afurðir, svo sem t. d. niðurlagðar og niðursoðnar sjávarafurðir.

Svo sem segir í þessari grein er gert ráð fyrir, að gengismun verði ráðstafað með sérstökum lögum, sem sett yrðu síðar eftir nánari athugun. Nauðsynlegt þykir þó að tiltaka þegar í þessum lögum, að fé af gengishagnaði skuli varið til að greiða hækkun útflutningskostnaðar, sem verður óhjákvæmilega vegna gengislækkunarinnar og, þar sem útflytjendur fá greitt fyrir gjaldeyrinn miðað við gengið fyrir breytinguna er ekki eðlilegt, að þeir beri þann kostnaðarauka.

Um 3. gr.

Með því að gengisbreytingin miðast í rauninni við að leiðrétta rekstrargrundvöll fiskvinnslunnar frá 1. janúar 1975 og gert er ráð fyrir, að framleiðsla afurða þorskveiðanna frá þeim tíma og fram til þess, að gengisbreytingin var ákveðin, muni verða greidd á hinu nýja gengi, er eðlilegt að breyta því magngjaldi af útflyttum afurðum í þessum flokki, sem ákveðið var eftir gengisbreytinguna 30. ágúst 1974, í samræmi við gengisbreytinguna nú. Því er hér gert ráð fyrir því, að sjávarútvegsráðuneytinu sé heimilað að framkvæma þessa breytingu og taki hún gildi um leið og gengisbreytingin kemur til framkvæmda og náí til þeirra afurða, sem framleiddar eru frá og með 1. janúar 1975.

Um 4. gr.

Ákvæði hliðstæðs efnis er að finna í 5. gr. laga nr. 69 frá 25. nóvember 1967, 5. gr. laga nr. 74 frá 12. nóvember 1968, og 4. gr. laga nr. 97 frá 20. desember 1972, og er hér gert ráð fyrir alveg sömu framkvæmd um meðferð gengismunar við gjaldeyrisbankana þrjá (Seðlabanka, Landsbanka og Útvegsbanka). Þykir þessi háttur eðlilegur, þar sem um verulegt tap verður að ræða hjá gjaldeyrisbönkum í heild.